

# HVATNINGARÁTAK

Í vor fer í gang nýtt átak þar sem eru Íslendingar eru hvattir til að ferðast innanlands í ár og kaupa vörur og þjónustu. Við vekjum athygli á fjölbreyttri ferðaþjónustu um allt land. Ekki bara útilegum og sundi, heldur ýmis konar þjónustu, gistingu, veitingastöðum, sérferðum og afþreyingu um land allt. Möguleikarnir eru endalausir.

Átakið stendur yfir sumartímann. Þungi þess verður mestur fyrstu mánuðina en stöðugar áminningar fylgja svo í kjölfarið. Átakið verður keyrt á helstu miðlum með áherslu á net- og samfélagsmiðla og verður umferð beint inn á **vefinn ferdalag.is**, þar sem hægt er að nálgast nánari upplýsingar um fjölbreytta ferðaþjónustu, um allt land.

Ef breyta þarf upplýsingum á ferdalag.is, skal strax senda póst á netfangið **ferdalag@ferdamalastofa.is**. Eins er mikilvægt er að ferðaþjónustufyrirtæki og markaðsstofur séu tilbúin og nýti næstu vikur til að huga að undirbúningi og aðlaga markaðsefni.

Tryggja þarf að efni og pöntunarferli séu **sniðin að markhópnum**, aðgengileg **á íslensku** og að upplýsingar séu **uppfærðar á ferdalag.is**. Þegar átakið fer í gang geta þá allir stutt við það og hámarkað þannig áhrif þess.

Allt efni er hugsað þannig að það nýtist fyrir alla landshluta og að aðilar í ferðaþjónustu og aðrir geti auðveldlega nýtt það í sínu eigin markaðsefni og aðgerðum. Þannig stækkum við átakið saman og nýtum slagkraft þess til að auka áhrif annars markaðsstarfs. Efni herferðarinnar verður aðgengilegt á vef Ferðamálastofu, **ferdamalastofa.is**.

Undirbúum okkur vel og háværkum áhrif átaksins í sameiningu. Við förum þó ekki af stað fyrr en Landlæknir og Almannavarnir gefa okkur grænt ljós.

**Ferðamálastofa.**

ferdalag@ferdamalastofa.is  
Sími 535 5500

Geirsgata 9, 101 Reykjavík  
Hafnarstræti 91, 600 Akureyri

